

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**6. fundur 2018 (81. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 22.06.2018 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Guðlaugur H. Sigurjónsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Einar Jón Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

Steinþór Einarsson boðaði forföll.

Ennfremur sat fundinn Ragnhildur Skarphéðinsdóttir frá Hornsteinum arkitektum.

**1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar**

Kynningarfundur vegna vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar sem samþykkt var á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar var haldinn þann 6. júní s.l. Tillagan hefur ennfremur verið auglýst og kynnt nokkrum hlutaðaeigandi stofnunum. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni og Mannvirkjastofnun sem gera ekki athugasemdir við tillöguna og Ferðamálastofu sem telur nauðsynlegt að greina þurfi betur fyrir hvaða hóp farþega aukið byggingarmagn verði. Ferðamálastofa hvetur til að skilgreint verði frekar hversu stór hluti af fyrirhuguðu byggingarmagni sé hugsaður fyrir a) farþega til og frá landinu og b) skiptifarþega/tengifarþega.

Lögð var fram og samþykkt eftirfarandi greinargerð vegna umsagnar Ferðamálastofu (skáletraður texti er úr umsögn Ferðamálastofu):

***Lýsing á áhrifum ferðamanna á innviði***

*Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins er fjallað sérstaklega um ferðamenn og þau umhverfisáhrif sem geta orðið á innviði samfélagsins vegna komu þeirra hingað til lands, en þau geta orðið m.a. á heilbrigðiskerfið, löggæslu og öryggi ferðamanna, vegakerfið, atvinnulífið, náttúruna, landslagið og ásýnd svo og losun gróðurhúsalofttegunda. Það vantar hins vegar að taka þessa þætti saman í töflu eins og gert er undir öðrum flokkum til að greina betur frá þeim áhrifum og þá þeim athugasemdum sem kunna að vera eða koma upp og hvernig þá hægt er að bregðast við þeim.*

**Viðbrögð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar**

Í skipulags- og matslýsingu er gerð grein fyrir því að auknar byggingarheimildir geti orðið til þess að auka álag á innviði. Þar kemur einnig fram að það sé ekki mögulegt að

greina sérstaklega áhrifin af aukningunni umfram það sem þegar liggur fyrir í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins 2013-2030. Því er í töflu um umhverfisáhrif vinnslutillögu vísað til þess að áhrifin séu óbreytt og vísað til umhverfisskýrslu.

Í umhverfisskýrslunni er fjallað mjög almennt um möguleg áhrif á innviði á Íslandi og gefin vísbending um hvaða þættir innviða geti orðið fyrir áhrifum. Ekki er lagt mat á vægi áhrifa eða hvar áhrifin geti orðið. Breyting á byggingarheimildum á flugvelli gefa ekki tilefni til að ráðast í ítarlegra mat á mögulegu álagi á innviði. Skipulagsnefnd telur að slíka greiningu þurfi að vinna á öðrum vettvangi og í samstarfi við fleiri hagaðila.

### ***Forsendur byggingarheimilda og tegund farþega***

*Viðhald og uppbygging innviða flugs verður að vera í takti við fjölgun ferðamanna til landsins. Ferðamálastofa telur því nauðsynlegt að greina þurfi betur fyrir hvaða hóp flugfarþega um er að ræða. Þannig er hægt að meta betur áhrif sem aukin byggingarheimild mun hafa á innviði samfélagsins. Ferðamálastofa hvetur til þess að skilgreint verði frekar hversu stór hluti af fyrirhugaðri aukningu er hugsuð fyrir:*

- a) Farþega til landsins*
- b) Skiptifarþega/tengifarþega*

*Fjölgun ferðamanna til landsins skiptir þarna meginmáli og þá það álag sem henni fylgir. Því telur Ferðamálastofa nauðsynlegt að skilgreina meginumferð þeirra farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll og þá fyrir hvers konar farþega þessi mikla uppbygging er hugsuð.*

### **Viðbrögð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar**

Hlutfall skiptifarþegar/tengifarþegar er um 41% af farþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll. Forsendur fyrir byggingarheimildum á Keflavíkurflugvelli snúa að starfsemi og nauðsynlegri afkastagetu flugvallarins til að mæta fjölda farþega. Auknar byggingarheimildir snúa því m.a. að flugskýlum, vörugeymslum og þjónusturýmum. Starfsemin getur hvergi annars staðar verið en innan flugvallarsvæðis. Eðli þessara bygginga er slíkt að ekki er hægt að greina byggingarheimildir eftir því hvort þær komi til með að þjóna farþegum til og frá landinu eða skiptifarþegum.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar telur því ekki þörf á að bregðast frekar við umsögn Ferðamálastofu.

## **2. Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis**

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir kynnti deiliskipulagstillöguna eins og hún liggur nú fyrir. Umræður urðu um veghald Reykjanesbrautar og hlaðinn vegg meðfram brautinni og lausnir fyrir regnvatn og affall af öllu svæðinu.

Skipulagsnefndin samþykkti að auglýsa deiliskipulagstillöguna samhliða auglýsingu á aðalskipulagsbreytingu fyrir sama svæði.

**3. Stjórnsýslukæra vegna deiliskipulags Háaleitishlaðs**

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur borist með bréfi dags. 15.06.2018 stjórnsýslukæra N1 á samþykkt skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar á deiliskipulagi á austursvæði keflavíkurflugvallar, Háaleitishlaði.

Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar frá 23.03.2018 um samþykkt á deiliskipulagi Keflavíkurflugvallar, Háaleitishlaðs, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 18.05.2018.

Meginástæða kærunnar er að kærandi er þinglýstur eigandi fasteignarinnar að Háaleitishlaði 6 og ekki hafi verið haft samráð við hann um gerð deiliskipulagsins en þar er gert ráð fyrir að byggingar á lóðinni séu víkjandi.

Skipulagsnefndin óskar eftir að lögræðingar Isavia undirbúi umsögn um stjórnsýslukæruna.

**4. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 10. ágúst 2018 kl. 08:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)